

pola, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarpola til lögtaks og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir á eftirtalda muni til fjárnáms: bifreiðina Ö 1119 og m/b Hafborgu, GK 99, sem nú er í Grindavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í bifreiðinni Ö 1119, en að gerðinni væri frestað, hvað bátinn varðar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu (sic) á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að fógeti lýsti því yfir, að fjárnám væri gert í m/b Hafborgu, GK 99. Fógeti varð ekki við þeirri kröfu, þar sem báturinn er ekki staddur nú innan lögsagnarumdæmisins.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 171/1967. **Sigmar Pétursson** (Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

Oddnýju Aðalsteinsdóttur og gagnsök.

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á. Krefst hann þess, að sér verði einungis gert að

greiða gagnáfrýjanda kr. 34.370.00 með þeim vöxtum, sem krafizt er, svo og málskostnað fyrir héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. janúar s. á. Dómkröfur hennar eru, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 150.220.00 með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Að líkindum höfðu handbrögð gagnáfrýjanda meiri hættu í för með sér en þau handtök, sem henni hafði verið leiðbeint um að beita við starfið, en hins vegar var sú aðferð einnig hættusöm. Orsakir slyssins verða því raktar til þess, að aðstæður voru óhæfilegar og umbúnaði áfátt á vinnustaðnum. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gerðust atvik máls þessa í eldhúsi veitingastofu, er aðaláfrýjandi rak. Gagnáfrýjandi var ráðin þar til starfa, og var það meðal annars í hennar verkahring að sjá um kaffigerð. Skyldi hún færa heitt vatn úr heitupotti einum í stóra kaffikönnu, og var efri brún kaffikönnunnar um 161.5 cm frá gólfi. Var þannig að þessu unnið, að vatn var látið renna úr heitupottinum í lítinn pott,

er tók um 6 lítra. Potti þessum, sem var með eyrum, skyldi síðan lyft með höndunum og úr honum hellt í kaffikönnuna. Fallast má á það álit héraðsdóms, að tæki þessi og umbúnaður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegur og til þess megi rekja meginorsakir slyssins. Fram er komið, að handtök gagnáfrýjanda, er hún lyfti pottinum og hellti í kaffikönnuna, voru önnur en tíðkæpt hafði hjá starfsfólki þarna, svo sem lýst er í héraðsdómi. Ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi beint því til gagnáfrýjanda að nota sérstök handtök við verk þetta, er hann sagði henni til verka. Vitnið Þorbjörg Magnúsdóttir, er þarna vann, kveðst oft hafa séð gagnáfrýjanda hella vatni á kaffikönnuna „og hafa aðvarað hana um, að hún myndi fá pottinn yfir sig, ef hún notaði þá aðferð við verkið, sem hún var vön“ og „oft hafa tekið pottinn af“ gagnáfrýjanda „og hellt upp á fyrir hana, vegna þess að henni virtist aðferð hennar vera ábótavant“. Gagnáfrýjandi hafði svarað aðvörðunum aðeins þannig, að „þetta væri hennar aðferð“. Vitnið Steinunn Sveinsdóttir, sem einnig vann þarna, hefur borið fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi oft verið aðvörð um „að halda á pottinum, eins og hún var vön“. Þá hefur enn ein starfsstúlka þarna borið fyrir dómi, að hún hafi heyrt gagnáfrýjanda varaða við „þeirri aðferð, sem hún notaði við að hella upp á könnuna“. Handtök gagnáfrýjanda við verk þetta voru óheppileg og buðu hættu heim. Þegar til þessa er litið og þar sem hún sinnti eigi aðvörðunum samstarfsfólks síns, verður að telja, að hún eigi sjálf nokkra sök á slysinu.

Þegar til þessa alls er litið, er rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hennar að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Allir dómendur Hæstaréttar eru ásáttir um, að heildartjón gagnáfrýjanda sé hæfilega metið kr. 80.220.00. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda $\frac{2}{3}$ hluta þess fjár, eða kr. 53.480.00, ásamt vöxtum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 53.480.00 með 7% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. f. m., hefur Oddný Aðalsteinsdóttir, nú til heimilis að Háaleitisbraut 26 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 15. júlí 1964, á hendur Sigmari Péturssyni, nú til heimilis að Stórholti 47 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 75.220.00 auk 8% ársvaxta frá 19. desember 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt til helminga, og til þrautavara, að fjárhæð kröfu stefnanda verði lækkuð til mikilla muna að mati dómarans. Þá var og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með stefnu, útgefinni hinn 14. september 1965, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Voru nú þær kröfur gerðar í aðal-sök og framhaldssök, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 150.220.00 með 8% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu þeirri, sem höfð er uppi í framhaldssökinni, svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. desember 1962 varð stefnandi fyrir því slysi, er hún starfaði í Breiðfirðingabúð, sem stefndi rak, að sjóðandi vatn helltist yfir hana, er hún var að hella upp á stóra kaffikönnu í eldhúsi veitingahússins. Hlaut stefnandi af þessu brunasár og síðar varanlega áverka. Hefur hún höfðað mál þetta til heimtu bóta úr hendi stefnanda.

Umrædd kaffikanna er af þeirri gerð, sem notuð er í eldhúsum veitingahúsa og gistihúsa. Er hún á fótum, og er heildarhæð hennar um 84.5 cm og þvermál að innan um 35 cm.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið búin að starfa í Breiðfirðingabúð í um einn til tvo mánuði, er slysið varð. Kveður hún forstjóra veitingahússins, stefnda í máli þessu, hafa ráðið sig til starfsins, sem verið hafi við vinnu í eldhúsi. Stuttu áður en hún hóf starfið, kveður hún stefnda hafa sýnt sér, í hverju starfið var fólgið. Meðal annarra starfa sinna þarna kveður stefnandi hafa verið það að hella upp á kaffikönnuna. Er stefndi sýndi stefnanda störfín, kveður hún hann hafa sagt sér, að hún ætti að hella upp á kaffikönnuna, og kveður hún hann hafa sýnt sér, hvernig hún ætti að gera það. Fyrst hafi hún átt að setja vatn í hitunarketlinn og síðan hella því yfir á kaffikönnuna. Til þess hafi hún átt að nota pott, sem þarna hafi verið. Ekki kveður stefnandi stefnda hafa sýnt sér, hvaða handtökum hún skyldi beita við að lyfta pottinum og hella úr honum í kaffikönnuna. Stefnandi kveðst alltaf hafa unnið starf þetta á sinni vakt þann tíma, sem hún starfaði í veitingahúsinu. Stefnandi kveðst hafa gert eins og fyrir hana hafi verið lagt. Hún hafi hitað vatnið í hitunarkatlinum og er hún hafi verið búin að setja kaffi í könnuna, hafi hún byrjað að hella yfir. Hún hafi látið sjóðandi vatn renna úr katlinum í pottinn, þar til hann hafi verið hálfur eða rúmlega það. Síðan hafi hún beygt sig niður til að grípa um eyru pottsins og síðan lyft pottinum upp á efri brún kaffikönnunnar. Þar kveðst hún hafa þurft að tylla pottinum til þess að snúa höndunum. Er hún lyfti pottinum, kveðst stefnandi hafa tekið þannig á honum, að hún hafi gripið tryggilega með fingurna inn í eyru hans og með lófana upp, en er hún hafi tyllt pottinum á brún kaffikönnunnar, þá hafi hún sleppt annarri hendinni í einu og snúið þannig, að handarbökin hafi snúið upp, og þannig hafi hún getað hellt úr pottinum inn í pokann í kaffikönnunni. Er slysið varð, kveðst stefnandi hafa verið að snúa fyrri eða seinni hendinni, en skyndilega hafi potturinn snúizt og sjóðandi vatnið kvetzt yfir hana. Stefnandi kveður efri brún kaffikönnunnar hafa verið í það mikilli hæð, að hún hafi þurft að tylla sér á tá til þess að geta séð, hvort hún væri full. Er það álit stefnanda, að efri brún kaffikönnunnar hafi verið um það bil í ennishæð hennar. Stefnandi kveðst hafa fundið til mikils sársauka, strax og vatnið skvettist yfir hana, og hafi hún þá hoppað frá kaffikönnunni. Hún kveður svo til allt vatnið hafa farið framan í sig.

Hafi það skvetzt yfir brjóst sér, en ekki kveður hún það hafa farið í andlitið. Stefnandi kveðst hafa verið klædd í fleyginn, ermalausan kjól og í hnepptri treyju, sem þó hafi verið fráhneppt. Strax eftir slysið kveðst stefnandi hafa þotið að kaldavatnskrana og kælt að mestu brunasárið á brjóstinu, en hins vegar hafi hún brennt á öðrum stöðum og hafi sumt af því orðið bruni þriðja stigs. Stefnandi kveðst síðan hafa verið flutt í slysavarðstofuna, þar sem gert hafi verið að sárum hennar, en síðan hafi hún verið flutt í sjúkrahús. Stefnandi kveðst hafa verið „vel fyrirkölluð“, er slysið varð, og kveður ekkert hafa haft truflandi áhrif á sig, sem kynni að hafa valdið slysinu. Stefnandi kveðst hafa verið vel skóuð og staðið vel að vinnunni. Ekki kveðst stefnandi hafa verið blaut um hendur.

Stefndi Sigmar hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi starfað í eldhúsi veitingahússins sem eldhúsaafgreiðslustúlka. Meðal starfa hennar hafi verið að hella upp á kaffikönnuna í eldhúsinu. Hann kveðst telja fullvíst, að er hann gekk um með stefnanda, áður en hún hóf starfið, þá hafi hann sagt henni frá og sýnt henni, hvernig hella átti upp á kaffikönnuna. Stefndi kveðst ekki hafa verið viðstaddur, er slysið varð, en kveðst hafa verið staddur í veitingahúsinu. Hann kveður sér hafa orðið kunnugt um slysið stuttu síðar og kveðst hafa farið með stefnanda í slysavarðstofuna. Stefndi kveðst telja, að stefnandi hafi haldið ranglega um eyru pottsins, er slysið varð, þannig að lófarnir hafi snúið upp í stað þess að halda þannig um eyru pottsins, að handarbökin sneru upp, eins og aðrir geri og hafi gert við þetta verk. Kveðst stefndi hafa aðvarað stefnanda og skýrt henni frá, hvernig bezt væri að halda á pottinum. Stefndi kveður aðstæður á vinnustaðnum hafa verið óbreyttar í um 15 ár, án þess að nokkur athugasemd hafi verið gerð af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins. Kveður stefndi breytingar þær, sem nú hafa verið gerðar og m. a. voru fólgnar í því að lækka borðið, sem kaffikannan stendur á, hafa verið gerðar í sambandi við aðrar breytingar á húsnæði veitingahússins.

Vitnið Steinunn Sveinsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið við vinnu sína kvöld það, er slysið varð, og unnið við framreiðslu í sal. Hún kveðst ekki hafa veitt athygli, hvernig slysið bar að, en kveðst hafa verið þarna í námunda í eldhúsinu. Ekki kveðst Steinunn sjálf vera vön að hella upp á kaffikönnu eins og þá, sem þarna er í eld-

húsinu, en hún kveðst minnst þess, að stefnandi hafi oft verið vöruð við að halda á pottinum, eins og hún var vön að gera. Kveður Steinunn stefnanda ekki hafa haldið eins á pottinum og stúlka sú, sem á móti henni vann.

Vitnið Guðríður Guðlaugsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið stödd inni í eldhúsinu, er slysið varð. Kveðst hún ásamt vitninu Steinunni hafa setið bak við skáp, sem skipti eldhúsinu í tvennt. Hún kveðst því ekki hafa séð slysið, en hlaupið til, þegar stefnandi hrópaði upp yfir sig. Ekki kveðst Guðríður hafa unnið við starf það, sem stefnandi vann við, er slysið varð. Guðríður kveðst minnst þess, að Þorbjörg Magnúsdóttir og Sigurbjörn Jónsson hafi varað stefnanda við þeirri aðferð, sem hún notaði við að hella upp á kaffikönnuna. Kveður vitnið stefnanda hafa haldið þannig um eyru pottins, að lófarnir hafi snúið upp, og síðan hafi hún svo snúið pottinum einhvern veginn í höndum sér, þegar hún hellti úr honum.

Vitnið Þorbjörg Magnúsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, kveðst hafa verið við starf sitt í fatageymslu veitingahússins kvöld það, er slysið varð. Kveðst hún ekki hafa vitað af slysinu, fyrr en góðri stund eftir að það varð. Þorbjörg kveðst því ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, en hún kveðst oft hafa séð stefnanda hella upp á kaffikönnuna, áður en slysið varð. Kveðst Þorbjörg hafa varað hana við því, að hún mundi fá pottinn yfir sig, ef hún notaði þá aðferð við verkið, sem hún var vön að nota. Kveðst Þorbjörg oft hafa tekið pottinn af stefnanda og hellt upp á fyrir hana, vegna þess að henni hafi virzt aðferð stefnanda ábótavant. Þorbjörg kveður stefnanda hafa haldið þannig um eyrun á pottinum, að lófarnir hafi snúið upp, en hún kveðst aldrei hafa horft til enda á stefnanda við verkið, því að sér hafi óað svo við aðferð þeirri, sem stefnandi beitti.

Fljótlega eftir slysið var stefnandi flutt í slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hennar. Í vottorði Tryggva Þorsteinsonar læknis, dags. hinn 28. febrúar 1963, segir svo um áverka þá, sem stefnandi hlaut, og aðgerðir, sem framkvæmdar voru á slysavarðstofunni:

„Þann 4. 12. 1962 kl. 2210 var komið með Oddnýju Aðalsteinsdóttur til heimilis Bröttugötu 6, Rvík, hingað á Slysavarðstofuna vegna brunasára, er hún hafði hlotið við störf sín í Breiðfirðingabúð þá um kvöldið. En pottur með sjóðandi vatni hafði

steyptzt yfir hana, þegar hún ætlaði að lyfta honum upp fyrir framan sig. Við rannsókn kom eftirfarandi í ljós.

1.° bruni á höku og framan til á hálsi.

1.° og 2.° bruni á hægri öxl og hægri upphandlegg.

Ennfremur 1.° bruni á hægri framhandlegg og hægri úlnlið.

1.° og 2.° bruni á bringu og á báðum brjóstum (medialt á brjóstum).

1.° og 2.° bruni á kviðvegg, út að rifjabogum og niður fyrir nafla.

1.° bruni framan til á báðum hnjám, upp á mið læri framanverð og niður á efstu $\frac{1}{3}$ hluta fótleggja.

Oddný var í yfirvofandi shock hættu, og voru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hindra það. Auk þess búið um brunasárin. Lá Oddný hér á Slysavarðstofunni þar til 8. 12., að hún var flutt á Landakotsspítala. Útskrifaðist hún þaðan þ. 24. 12. Gekk áfram til skiptinga (að eigin sögn) til dr. Bjarna Jónssonar.

Við skoðun hér þ. 23. 2. '63 voru sárin vel gróin, en eðlilega örmyndanir sáust á nokkrum stöðum.

2×6 cm óslétt ör á hæ. upphandlegg innanverðum.

Upphleypt keloid-leg örmyndun greinótt og rauðleit, framan til á hægri öxl, á ca. 11×4 cm stóru svæði 1×4 cm stórt ör medialt á hægri brjósti.

Minni háttar ör á bringspölum og kringum naflann.

Framan til á báðum hnjám og niður á leggina er greinileg litarbreyting, en ekki verulegt ör.

Oddný var óvinnufær vegna ofangreinds slyss 4. 12. '62—1. 3. '63. Oddný hefur að sjálfsögðu haft verulegar þjáningar í sambandi við þessi útbreiddu brunasár.

Stefnandi leitaði til Árna Björnssonar læknis hinn 17. september 1963. Í umsögn lækisins af því tilefni segir svo:

„... Við skoðun finnst eftirfarandi: Á brjósti framanverðu neðan við viðbein er ca. lófastór rauðleitur flekkur, sem nær niður á milli brjóstanna. Neðanvert á brjóstveggnum yfir vinstri rifjaboga er allstórt, dálítið upphleypt ör. Á hægri öxl og framan við hægri holhönd eru mjög upphleypt ör á tiltölulega litlu svæði. Ennfremur á innanverðum hægri upphandlegg ofan við olnboga, og kringum það ör er barnslófastór brúnritaður blettur. Loks er smáör dálítið upphleypt neðan við hægri brjóst.

Ör þessi eru þannig staðsett, að af þeim eru allveruleg lýti. Ekki er hægt með aðgerðum að nema þau burt, og ekki er að

búast við verulegum breytingum á þeim héðan í frá, nema ef til vill á mjög löngum tíma“.

Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmdi rannsókn á orsök slyssins, um mánuði eftir að það varð. Í skýrslu skoðunarmannsins Helga Gunnarssonar kemur fram, að þá hafi verið búið að framkvæma breytingu á aðstæðum frá því, sem var, er slysið varð, og hafi kaffikannan við það verið færð nokkru neðar. Þó hafi mátt sjá, að hæð frá gólfi að efri brún kaffikönnunnar hafi verið um 160 cm fyrir breytinguna. Er það álit skoðunarmannsins, að um vanbúnað hafi verið að ræða og að töluverð hætta hafi verið því samfara að framkvæma verk það, sem stefnandi vann, við þær aðstæður, sem þarna voru fyrir breytinguna, og geti það hafa átt sinn þátt í orsök slyssins.

Eftir að mál þetta var höfðað, framkvæmdi rannsóknarlögreglan rannsókn á slysi því, sem stefnandi varð fyrir. Í skýrslu þessari kemur fram, að aðstæður hafi verið nokkuð breyttar frá því, sem var, er slysið varð. Kemur fram, að kaffikannan og hitapotturinn standa á palli og sé efri brún kaffikönnunnar í 148 cm hæð. Greinilega megi þó sjá, að kannan hafi verið lækkuð frá því, sem áður var, og nemi sú lækkun 13.5 cm. Upprunaleg hæð á efri brún kaffikönnunnar hafi því verið 161.5 cm. Þá kemur fram í skýrslunni, að hitapotturinn standi inni í horni, en kaffikannan við hliðina á honum, en frá tækjum þessum sé 71 cm breitt bil að borði, sem þarna sé, og á milli tækjanna og borðsins standi sá, sem vinni við að hella upp á kaffikönnuna. Samkvæmt skýrslunni er stefnandi 170 cm á hæð, en hæð á móts við enni hennar um 164.5 cm.

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á því, að slysið hafi orsakast af vanbúnaði á vinnustað, og því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Er því haldið fram, að kaffikannan hafi verið svo há, að óforsvaranlegt hafi verið að láta hella upp á hana við þær aðstæður.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að aðbúnaður og aðferðin við að hella upp á kaffikönnuna sé sú sama og tíðkist á öllum veitingahúsum, sem hafi kaffikönnur af sömu stærð og þessi, og hafi engum athugasemdum verið hreyft af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins af því tilefni. Hins vegar sé á það að líta, að stúlka sú, sem verkið vinni, þurfi að fara varlega, þar sem hún hafi undir höndum sjóðandi vatn. Þessa hafi stefnandi ekki gætt og eigi hún því ein alla sök á slysinu. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ætíð haldið á annan veg á pottinum og hellt úr honum en

henni hafi verið sagt til um. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið vel fyrirkölluð, er slysið varð, og hafi ástand hennar verið slíkt, að hún hafi átt að vera heima.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður, eins og þær eru nú.

Það verður að telja samkvæmt því, sem rakið hefur verið um aðstæður á vinnustaðnum, er slysið varð, að óhæfilegt hefur verið að láta stefnanda hella upp á kaffikönnuna við þær aðstæður að þurfa að lyfta pottinum með sjóðandi heitu vatni upp fyrir efri brún kaffikönnunnar, sem hefur verið um það bil í ennishæð stefnanda. Smáóhapp við að handleika pottinn eða ósjálfrátt viðbragð við að snerta heitan pottinn gátu valdið því, að stefnandi missti pottinn yfir sig eða að úr honum skvettist á hana. Hefur stefnandi við þessar aðstæður ekki haft nægilegt vald á pottinum, hvaða handtökum sem hún beitti. Verður því að telja, að umbúnaði á vinnustað hafi verið svo áfátt, að til þess megi rekja orsök slyssins. Því verður lögð á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Það er ósannað, að stefndi hafi leiðbeint stefnanda um að beita ákveðnum handtökum við að hella úr pottinum í kaffikönnuna. Það verður ekki metið stefnanda til eigin sakar, þótt hún hafi beitt handtökum þeim, sem hún hefur lýst, við að hella úr pottinum í kaffikönnuna, þótt samstarfsfólk hennar hafi varað hana við. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð óskipt á stefnda.

Verða nú dómkröfur stefnanda athugaðar, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur fyrir tapaðar vinnutekjur tímabilið 19.	
desember 1962—28. febrúar 1963	kr. 5.650.00
2. Lækniskostnaður og kostnaður við myndatöku —	1.050.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og	
högum	— 150.000.00
	Kr. 156.700.00
Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið	
greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 6.480.00
	Kr. 150.220.00

Um 1. Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, sem áður er rakið, var stefnandi óvinnufær tímabilið 4. desember

1962 til 1. marz 1963. Stefndi greiddi stefnanda laun í að minnsta kosti hálfan mánuð af þessum tíma. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir, að kröfuliður þessi sætti ekki andmælum tölulega. Verður fjárhæð hans því lögð til grundvallar við úrlausn málsins óbreytt.

Um 2. Kröfuliður þessi er studdur gögnum og hefur ekki sætt sérstökum andmælum. Verður fjárhæð hans því lögð til grundvallar við úrlausn málsins óbreytt.

Um 3. Í frumstefnu nam fjárhæð kröfuliðs þessa kr. 75.000.00. Með framhaldsstefnu, sem áður er rakin, hækkaði stefnandi fjárhæð kröfuliðs þessa um kr. 75.000.00, og nemur fjárhæð kröfuliðs þessa í endanlegri kröfugerð stefnanda því kr. 150.000.00. Þessi breyting á kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að hin upphaflega fjárhæð hafi verið of lág og í fyrri kröfugerð hafi eigi verið krafizt bóta fyrir rökun á stöðu og högum. Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að skilyrði séu til hækkunar á þessum kröfulið. Er því haldið fram, að stefnanda hafi borið að hafa uppi rétta kröfu um tjónbætur þegar í frumstefnu við þingfestingu málsins, enda hafi þá þegar verið fyrir hendi skilyrði til slíks. Er því haldið fram, að stefnandi geti ekki hækkað fjárhæð kröfuliðs þessa með framhaldsstefnu, sbr. lokaákvæði 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Er því og haldið fram í þessu sambandi, að áskilnaður á reikningi, þar sem upphaflegar dómkröfur stefnanda eru sundurliðaðar, veiti stefnanda rétt (sic) til þessarar breytingar á dómkröfunum. Það verður að telja, að hækkun sú, sem gerð var á fjárhæð kröfuliðs þessa með höfðun framhaldssakar, byggist á breyttu mati stefnanda á tjóni því, sem hún telur sig hafa orðið fyrir af völdum slyssins. Tjón það, sem krafizt er bóta fyrir samkvæmt þessum kröfulið, er ekki þess eðlis, að um algert matsatriði sé að ræða. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 þykir verða að telja, að höfðun framhaldssakarinnar hafi verið stefnanda heimil. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð kröfuliðs þessa verið mótmælt sem of hárrí. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin, lýst áverkum, sem hún hlaut, raktar líkur fyrir því, að úr þeim megi bæta. Að öllu því athuguðu, sem hér hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnanda samtals kr. 86.700.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 6.480.00, og nemur tjón stefnanda þá kr. 80.220.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða

stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, sem ákveðast með hliðsjón af kröfugerð stefnanda 7% ársvextir frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Oddnýju Aðalsteinsdóttur, kr. 80.220.00 með 7% ársvöxtum frá 19. desember 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1968.

Nr. 60/1968. **Sigmar Pétursson** (Ingi R. Helgason hrl.)
 gegn
Þorsteini Eiríkssyni (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Línal.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.